

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 föstudaginn 31. október 2025, Tryggvagötu 10, Akureyri

Mættir stjórnarmenn: Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Hlynur Jóhannsson, Sara Sigmundsdóttir, og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson og Örn Arnarson tóku þátt í gegnum Teams. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Tómas Árdal varamaður boðuðu forföll. Einar Eðvald Einarsson mætti á hluta fundar í fjarveru Sveinbjargar.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson og Hjalti Páll Þórarinnsson.

Formaður setti fund og fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár. Arnheiður greindi frá því að hún væri að fara í veikindaleyfi næstu mánuði og að Halldór myndi starfa sem framkvæmdastjóri í hennar fjarveru.

Dagskrá:

1 Staða verkefna og starfsemi

Halldór fór yfir stöðu helstu verkefna MN.

Lokahnykkur í verkefninu stöðugreining og aðgerðaráætlun í Þingeyjarsveit fór fram á þriðjudaginn með formlegri kynningu. Næst á dagskrá er að móta þær aðgerðir betur sem settar voru fram með tilgreindum aðilum. Góð þátttaka fyrirtækja.

Þjónustukönnun eftir Vestnorden sýndi að ánægja hefur mögulega aldrei verið meiri með viðburðinn og við fögnum því.

Verkefnið Auroras fór í gang 22. október. Verkefnið er landkynningarverkefni á vegum Íslandsstofu þar sem áherslan er á neytendur í Bretlandi. Við höldum fund með samstarfsfyrirtækjum í gær til þess að ræða okkar aðgerðir og fara betur yfir hvernig er hægt að nýta herferðina. Undirbúningur var að mjög skornum skammti og var t.d. herferðin birt áður en hún var kynnt fyrir íslenskri ferðaþjónustu. Kemur hvergi fram að megnið af herferðinni var tekið upp á Norðurlandi.

WTM fer fram í London í næstu viku og við sækjum fram á breskum markaði, Halldór fer fyrir hönd MN ásamt Rögnvaldi sem einbeitir sér að tækifærum í miðlun.

MN stendur fyrir vinnustofum í Brighthon og Manchester í lok mánaðar þar sem norðlensk fyrirtæki kynna sínar vörur og þjónustu fyrir breskum söluaðilum. Chris Hagan er okkar ráðgjafi í verkefninu. Íslenskur jólasveinn mun fylgja okkur út.

Við erum að móta verkefni sem ber enska heitið HUB development – sjá nánar undir lið 3 - Flugverkefni.

MN hefur fundað með þremur dagsferðafyrirtækjum um tækifæri í samstarfinu og stefnt er að því að ná samtali við þau sem flest.

Arnheiður tók þátt í fundi AECO (samtök leiðangursskipa) í Osló í síðustu viku og var aðkomu MN mjög vel tekið af AECO. Einnig er í gangi samtal við Cruise Iceland. Við stefnum á að ræða við landshlutasamtökin um tækifæri í verkefnum tengdum skemmtiferðaskipum á næstunni.

Erum búin að birta fyrstu útgáfu af markaðsverkefninu Böðin og erum að undirbúa næsta fasa. Við sóttum í Uppbyggingarsjóð fyrir gerð á söluhandbók og fleira.

Við tökum þátt í Ratsjár verkefni Íslenska ferðaklasans en verkefnið er hannað að starfsfólki markaðsstofa landshlutanna. Hver starfsmaður tekur 1-2 námskeið.

Uppskeruhátíðin fór fram í Skagafirði og gekk frábærlega. Það var þó nokkuð um veikindi sem dró úr mætingu.

Nú á sér stað endurnýjun á gagnagrunni Ferðamálastofu sem heldur utan um öll fyrirtæki og áhugaverða staði á Íslandi, við erum í samráðshóp um verkefnið og tækifærin í betri nýtingu.

Ferðaþjónustuvikan er að fara hægt af stað en við höfum keyrt áfram vinnuna, nú lögðum við meiri ábyrgð á aðra aðila í þeim efnum.

Mannamót MAS er nú kynnt og skráning hafin. Norðlensk fyrirtæki eru nú á þriðja tug skráðra fyrirtækja og það er betra miðað við sama tíma síðustu ár.

Stefnumótunarfundur stjórnar og starfsfólks MN var haldinn í vor. Arnheiður kynnti samantekt á vinnunni sem kom út úr þeim fundi. Stjórn samþykkti þessa samantekt og fól framkvæmdastjóra að vinna áfram með hana sem grundvöll að endurnýjaðri stefnu MN.

Einar kom inn á fundinn kl. 10:40

2 Fjármál

Arnheiður fór yfir stöðu fjármála MN. Staðan er í samræmi við áætlun.

3 Flugverkefni

MN á sæti í stjórn Flugþróunarsjóðs. Áherslur okkar fulltrúa þar eru að breyta reglum sjóðsins þannig að hægt sé að veita stuðning lengur en til 3ja ára, tryggja aukið fjármagn í sjóðinn og leggja áherslu á mikilvægi þess að gera átak í neytendamarkaðssetningu þar sem AEY er kynntur til jafns við KEF og styðja þannig við verkefni sjóðsins.

Fjármögnun Flugklasans á næsta ári – búið er að senda erindi til allra sveitarfélaga á Norðurlandi þar sem farið er fram á óbreytta fjármögnun fyrir árið 2026. Í gildi er samningur við ríkið um fjármögnun á næsta ári, en staðan óljós eftir það. Framundan er vinna við að tryggja áframhaldandi fjármögnun til lengri tíma, mögulega í tengslum við áskorun SSV og SSNE til ráðherra um að rekstur og fjármögnun AEY verði komið fyrir hjá sérstakri rekstrareiningu.

Það er að fara af stað PR verkefni til þess að benda á mikilvægi millilandaflugs um AEY - samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, SSNE og MN. Markmiðið er að auka skilning og skapa jákvæða umræðu um millilandaflug um Akureyrarflugvöll, bæði meðal almennings og stjórnvalda.

easyJet er með sömu flugáætlun og síðasta vetur, nema október bættist við núna frá London. Mjög góð sætanýting í október og góðar bókanir fyrir London – Manchester er enn skrefi á eftir. MN er ráðgefandi fyrir easyJet í því efni sem þau eru að láta búa til fyrir markaðsaðgerðir vetrarins.

Kontiki og Voigt Travel – stefnt að nánast sömu flugáætlun og síðasta vetur. Sala gengur þokkalega en mætti ganga betur – áfram mikilvægt að halda uppi öflugri markaðssetningu.

MN hélt fund með VT og Kontiki 29. sept – daginn fyrir VestNorden. Fundurinn var mjög vel sóttur, rúmlega 100 manns mættu til að hlusta á erindi og taka þátt í vinnustofu í lokin. Erum að undirbúa verkefni sem byggir á niðurstöðum úr þeirri vinnustofu. Verkefnið snýst um að búa til fleiri þjónustukjarna ferðapjónustu (sustainable hub development) á Norðurlandi og hafa bæði VT og Kontiki gefið vilyrði fyrir aðkomu að því verkefni. Erum að vinna drög að áætlun og stefnum að því að hefja vinnuna fyrir jól.

GPS aðflug úr suðri (annað af tveimur) verður væntanlega gefið út (og þá hægt að nota) í febrúar á næsta ári. Búið að bíða lengi eftir þessu en nú lítur út fyrir að þetta sé loksins að koma. Góðar fréttir því þetta eykur líkur á að hægt sé að lenda úr suðri í slæmu skyggni.

Samtöl eru í gangi við nokkur áhugasöm flugfélög um möguleika á beinu flugi til Akureyrar í framtíðinni.

4 Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:50

Fundarritari HPP